

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. mars 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til skipulagslaga, 425. mál.

Í 15. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að framkvæmdarleyfi falli úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess. Samtökin telja mikilvægt að fresturinn verði lengri en 12 mánuðir. Bent er á að hér getur verið um mjög umfangsmiklar framkvæmdir að ræða þar sem ljúka þarf hönnun og fjármögnun eftir að leyfi hefur verið gefið út. Auk þess getur kæra til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála seinkað því um marga mánuði að framkvæmdaleyfi liggi fyrir í raun. Lagt er til að umræddur frestur verði lengdur í a.m.k. 2 ár.

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Sigurður B. Halldórsson, hrl.

SART – SAMTÖK RAFVERKTAKA



Ásbjörn R. Jóhannesson, framkvæmdastjóri

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Pétur Reimarsson, forstöðumaður
stefnumótunar- og samskiptasviðs